

1894

Þriðjudaginn 24. nóvember 1992.

Nr. 81/1992. **Skúli Jóhannsson**

gegn

**Gjaldheimtunni í Reykjavík.**

Kærumál. Lögtak. Frávísun frá Hæstarétti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. febrúar 1992. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, er farið með málið sem kærumál eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað lögtaks. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hin kærða lögtaksgerð verði staðfest og sóknaraðili dæmdur til að greiða sér málskostnað.

Í framhaldi hins kærða úrskurðar var lögtak gert í fógetarétti Reykjavíkur hinn 30. janúar 1992 í fasteign sóknaraðila, Bankastræti 11.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Þar á meðal er úrskurður ríkisskattaneftndar 20. maí 1992, en samkvæmt honum voru gjöld sóknaraðila fyrir árið 1990 lækkuð samtals um 545.225 krónur. Þá hefur af hálfu varnaraðila verið lögð fram tölvuútskrift af gjaldareikningi sóknaraðila 8. október 1992. Þar kemur fram, að eftirstöðvar gjalda fyrir árið 1990, sem lögð voru á sóknaraðila, voru greiddar hinn 19. maí 1992 auk málskostnaðar, sem kveðið var á um í hinum kærða úrskurði.

Fyrir liggur samkvæmt framansögðu, að umrædd skattakrafa er greidd og lögtakið þar með leyst af viðkomandi eign, sbr. 10. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, sem í gildi var til 1. júlí 1992, sbr. 99. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Sóknaraðili á því ekki lengur lögmæta hagsmuni af því að fá dóm um kröfu sína, og verður málinu því vísað frá Hæstarétti.

1895

Rétt þykir að dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðila kær-  
málskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Skúli Jóhannsson, greiði varnaraðila, Gjald-  
heimtunni í Reykjavík, 30.000 krónur í kærúmálskostnað.

### Úrskurður fógataréttar Reykjavíkur 2. desember 1991.

Lögtaksmál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi  
28. nóvember sl.

Sóknaraðili, Gjaldheimtan í Reykjavík, krefst þess, að heimilað verði  
lögtak hjá varnaraðila, Skúla Jóhannssyni, kt. 080948-3609, Fýlshólum 13,  
Reykjavík, til tryggingar ógreiddum opinberum gjöldum utan staðgreiðslu  
1990, samtals að fjárhæð 1.142.400 kr. Krafa er gerð um, að lögtakið tryggi  
áfallandi kostnað og dráttarvexti, reiknaða í samræmi við ákvæði 112. gr.  
laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, 41. gr. laga nr. 90/1990  
um tekjustofna sveitarfélaga, III. kafla vaxtalaga nr. 25/1989, sbr. lög nr.  
67/1989 um breytingu á þeim lögum.

Sóknaraðili krefst málskostnaðar að mati fógeta.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að synjað verði um hina umbednu gerð  
og sér dæmdur málskostnaður úr hendi sóknaraðila, en til vara, að umbed-  
inni gerð verði frestað.

— — —  
Páll Þorsteinsson borgarfógeti kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Lögtak skal ná fram að ganga eftir kröfu sóknaraðila og á hans  
ábyrgð.

Varnaraðili, Skúli Jóhannsson, greiði sóknaraðila, Gjaldheimtunni  
í Reykjavík, 40.000 krónur í málskostnað.

---